

Hvað einkennir góðan lesara?

Fræðimenn hafa í mörg ár rannsakað hvað einkennir góða lesara með því að biðja þá um að segja frá því hvernig þeir hugsa á meðan þeir lesa. Þeir hafa komist að þeirri niðurstöðu að góðir lesarar noti alls konar aðferðir til að skilja texta. Þeir noti meira að segja ólíkar aðferðir eftir því hvernig texta þeir lesi. Það er vegna þess að höfundar skrifa í mismunandi tilgangi og því verða góðir lesarar að geta gripið til margra aðferða svo þeim takist að skilja fjölbreytt lesefni. Þessar aðferðir eru kallaðar lesskilningsaðferðir og allir góðir lesarar beita þeim, annað hvort meðvitað eða ómeðvitað, við lestur.



Er virkur og vaktar skilning sinn

Góður lesari hugsar stöðugt um textann sem hann les og er vakandi fyrir því hvort hann skilji hann eða ekki. Góður lesari kann ýmis ráð til að bæta lesskilning sinn ef hann skilur ekki það sem hann er að lesa.

Spyr spurninga

Góður lesari spyr sig stöðugt spurninga áður en hann les, á meðan á lestri stendur og eftir lestur. Hann spáir fyrir um efni textans, hann spáir fyrir um hvað muni gerast næst og hann spyr sig í lokin hvort spár hans hafi ræst. Með því að spyrja spurninga á góður lesari í raun í samtali við höfundinn.

Tengir efni texta við eigin reynslu

Góður lesari ber alltaf efni texta saman við eigin reynslu, við reynslu sína af umheiminum og reynslu sína af öðru sem hann hefur lesið. Þannig öðlast textinn dýpri merkingu fyrir hann.

Gerir sér í hugarlund

Góður lesari getur búið til mynd í huganum af því sem hann les en það hjálpar honum að skilja efni textans betur. Til þess að gera þetta virkjar hann bakgrunnsþekkingu sína og upplifun í gegnum mörg skilningarvit.

Dregur ályktanir

Góður lesari notar eigin bakgrunnsþekkingu og vísbendingar til að skilja það sem ekki kemur fram berum orðum í texta. Þetta er líka kallað „að lesa milli línanna“.

Getur greint aðalatriði og meginefni texta

Góður lesari kann að finna lykilorð og hugmyndir í texta, hann getur dregið efnið saman og lagt það á minnið.

Aðlagar nýjar upplýsingar að fyrri heildarmynd

Góður lesari getur gert sér grein fyrir því hvernig lestur texta hefur breytt viðhorfi hans, bætt við þekkingu hans og fengið hann til að hugsa um hluti á nýjan hátt.

Les fimlega

Góður lesari les af öryggi, nákvæmni og lestrarlag hans er gott. Hann þarf ekki að hugsa um lesturinn sjálfan heldur getur hann beint allri orku sinni að því að skilja textann.